



2025

*Að lyfta gildum kærleika,
auðmýktar, jákvæðni,
samkenndar, þakklætis
og vonar*

ÁRSSKÝRSLA

ANDVARI FARSÆLDARHRAÐALL

EFNISYFIRLIT

01

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Birgir Örn Birgisson

02

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hvers vegna Andvari?

03

VERKEFNI 2025

Evolytes, Babel og Kennaralón

04

VERKEFNI 2025

Málproski, Lestrarleikur og fjárfesting í börnum

05

SAGAN OG FÓLKID

Ferðalagið og stofnendur

06

SAGAN OG FÓLKID

Stefnan og starfsmennirnir

07

SAMSTARFSADILAR

Samstarf, umsagnir, þakkir

08

TÖLURNAR

Menntun barna - árangur hrynur

09

FRAMTÍÐARSÝN

Menntun - Áherslur
Andvara 2025-2027

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

BIRGIR ÖRN BIRGISSON

Það er mér sönn ánægja að kynna fyrstu ársskýrslu Andvara.

Liðið ár markar upphaf vegferðar þar sem Andvari var stofnaður með þá skýru sýn að leggja góðum málefnum lið. Við, aðstandendur stofnunarinnar, höfum þá trú að þögn og aðgerðaleysi séu aldrei hlutlaus. Í stað þess viljum við vera samfélagslega ábyrgir og virkir þátttakendur í að gera Ísland betra, farsælla og sjálfbærara. Áskoranir sem veikja samfélagsáttmálann eru margar, en Andvari var stofnaður til að vera hluti af lausninni.

Með öflugum framkvæmdastjóra í fararbroddi höfum við lagt traustan grunn að starfi sem miðar að því að efla íslenskt samfélag til frambúðar. Áherslan á liðnu ári hefur verið á menntamálum, því þar býr æska okkar og framtíð þjóðarinnar. Íslenska menntakerfið hefur staðið frammi fyrir verulegum áskorunum undanfarin ár, ekki síst hvað varðar líðan, námsárangur og málþroska barna.

Eftir fjölda samtala og greiningu á vandanum kom í ljós að oft vantar litlar brýr, þekkingu eða fjármagn til að skila góðu verkefni yfir marklínuna til skalanlegs langtímaárangurs. Andvari hefur komið að fjölda verkefna sem fela í sér mikla möguleika til að skapa mælanlegar umbætur og árangur á þessu sviði.

Fyrir mig persónulega byggir starfsemi Andvara á einfaldri sannfæringu: við berum öll ábyrgð á nærumhverfi okkar og því böli sem við getum bætt.

Þetta verkefni snýst ekki einungis um tölfræði eða kerfisbreytingar – það snýst um að vera börnunum mínum og öðrum góð fyrirmynd. Ég vil sýna þeim að innihaldsríkt líf felst ekki í því sem maður fær, heldur í því sem maður gefur. Boðskapur kærleikans er leiðarljós okkar. Eins og segir í vísdomsorðunum: „við finnum okkur sjálf í umhyggju fyrir öðrum, og okkur er gefið þegar við gefum.“ Andvari er vettvangur til að iðka þessi gildi í verki; að breyta umhyggju í framkvæmd og kærleika í tækifæri fyrir aðra.

Ég horfi bjartsýnn til framtíðarinnar og vil vera jákvæður þátttakandi í henni. Hópurinn á bak við Andvara er samhentur, einbeittur og hefur veitt mér mikinn innblástur. Ég þakka stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, starfsfólki og fjölskyldum okkar fyrir ómetanlegt starf á liðnu ári.

Með kærleikskveðju,
Birgir Örn

„Þetta verkefni snýst ekki einungis um tölfræði eða kerfisbreytingar. Það snýst um að vera börnunum mínum og öðrum góð fyrirmynd. Ég vil sýna þeim að innihaldsríkt líf felst ekki í því sem maður fær, heldur í því sem maður gefur.“

Hvers vegna Andvari?

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA



Kæru bakhjarlar, samstarfsaðilar, vinir Andvara og aðrir,

Það er mín trú að allir vilji á sinn hátt stuðla að því að byggja betra samfélag í kringum sig. Andvara er ætlað að vera hraðall fyrir þá einstaklinga, stofnanir, fyrirtæki, frumkvöðla, ríki og sveitarfélög sem vilja bretta upp ermar og ná árangri samfélagi sínu til heilla. Okkar fyrstu markmið snúa að því að færa verkfæri, mælingar og grundvöll fyrir sókn í átt að framúrskarandi menntakerfi. Í vegferð okkar er þó stefnt víðar, m.a. í betra heilbrigðiskerfi og hagnýtingu tækni til velferðar. Ísland getur verið best. En það er ekkert starf Andvara án þeirra sem vilja manna eldlínu slíkra framfara. Við erum komin til að hjálpa.

Tryggvi Hjaltason
Framkvæmdastjóri Andvara

VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ NÁ MÆLANLEGUM GÆÐAÁRANGRI

Andvari studdi samtals sex verkefni árið 2025. Verkefni eru misjöfn og mislangt komin en stuðningur Andvara er margvíslegur og felur m.a. í sér tækniþróun, ráðgjöf, styrki, gagnaúrvinnslu, smíði og uppsetningu hugbúnaðar- og mælitækja og römmun. Á næstu blaðsíðum verður stutt innsýn í valin verkefni.

2025 VERKEFNI



ÞJÓÐARÁTAK Í STÆRÐFRÆÐI

EVOLYTES.COM

Andvari fjármagnaði sókn, innleiðingu og rannsókn á stærðfræðileiknum Evolytes sem var boðinn frítt fyrir öll börn í tveimur árgöngum skólaárið 2025/26. Leikurinn hefur í rannsóknum sýnt m.a. að notkun allt að fjórfaldar virkni nemenda ásamt því að auka námsárangur um 65%. Andvari var einnig bakhjarl stóru stærðfræðikeppninnar.



ÞÝÐINGARVÉL

BABEL.IS

Andvari hefur smíðað þýðingárvél sem notast við gervigreind og getur þýtt í rauntíma flest rafræn skjöl með þeim hætti að form heldur sér, jafnvel myndir. Hægt að þýða á flest tungumál. Hjálpar erlendum börnum að læra. Vélin er klár og verður öll notkun frjáls og frí fyrir menntakerfið. Allir með kennaranetfang geta skráð sig fyrir fríum aðgangi.



NÁMSVEITA KENNARA

KENRARALON.IS

Andvari greiddi fyrir smíði á námsveitu sem býr til miðlægan grunn þar sem hægt verður að senda inn námsefni sem höfundar vilja deila með skólakerfinu. Veitan er tilbúin. Nú þegar eru mörg hundruð hágæða kennslumyndbönd og efni framleidd af kennurum á veitunni. Veitan er fjármögnuð af Andvara, smíðuð af Apró, rekin af MMS og er fyrir kennara.



STÓRA STÆRÐFRÆÐIKEPPNIN SLÆR Í GEGN

Stóra stærðfræðikeppni Andvara og Evolytes fór fram á haustönn 2025. Samtals tóku 9.720 nemendur í 161 grunnskóla þátt yfir 36 daga. **Nemendurnir sendu inn svör við samtals 1.768.542 dæmum.** Daglegur meðalfjöldi svara í keppninni var 49.126. Yfir **40% aukning varð meðal þeirra sem ná hæfni eða framúrskarandi hæfni.**



Fjöldi nemenda
9.720



Fjöldi skóla
161



Fjöldi daga
36

Hvassaleyttiskóli stóð uppi sem sigurvegari keppninnar, en **nemendur skólans svöruðu að meðaltali sem samsvarar heilum sex námsbókum í stærðfræði á fimm vikum.** Spaðafimma til Hvassaleyttiskóla. Grunnskólinn í Hofgarði hafnaði í öðru sæti og Grunnskólinn í Stykkishólmi í þriðja sæti.

2025 VERKEFNI

FRAMHALD...



ALLIR NÁ GRUNNFÆRNI Í MÁLPROSKA

HLJOM.MMS.IS

Andvari styður MMS við að smíða vefapp, verkferla og gagnagrunn svo hægt verði að taka málþroskaprófið Hljóm2 (5 ára) með aðgengilegum hætti í gegnum vefsíðu. Mælingar munu fylgja barni og færa grunn að betri inngripsferlum. Haustið 2025 hófst innleiðingarverkefni með Akureyri, Mosfellsbæ og MRN. Málþroski er grunnur farsældar í skólagöngu.



LESTRARLEIKUR

GRAPHOGAME

Andvari heldur áfram stuðningi við finnska lestrarleikinn Graphogame sem kom út í íslenskri útgáfu árið 2024 með stuðningi Billboard og Símans. Leikurinn hefur slegið í gegn í íslenskum grunnskólum og verið hlaðið niður yfir 60 þúsund sinnum. Innleiðing í Kópavogi í fyrsta bekk sýndi 143% betri árangur barna í grunnskrefum lestrar með Graphogame.



FJÁRFESTING Í BÖRNUM

MÆLABORÐ

Andvari greiðir leið fyrir auknum skilningi á því hvernig fjárfesting í börnum skilar skýrum ábata bæði hvað varðar velferð, árangur og kostnað ríkisins. Því miður er raunin sú í nútímastjórnsýslu að fjármagn til farsældar barna er ávallt lítið á sem „ríkisútgjöld“ í engu samhengi við mögulegan ávinning af fjárfestingu. Mælaborð, ábatamælingar og skilvirkari gagnasöfnun eru hér lykilstoðir.

HLJÓM2 VEFGÁTT Í INNLEIÐINGARFERLI MEÐ AKUREYRI OG MOSFELLSBÆ

Haustið 2025 hófst innleiðingarferli á nýrri vefgátt. 96% fimm ára barna í sveitarfélögunum fengu fyrstu mælingu og var fylgt eftir með stuðningi og seinni mælingum hjá þeim börnum sem mældust undir viðmiði. Stóraukið aðgengi sveitarfélaganna að gögnum og greiningum gaf betri innsýn í þætti eins og hvar börn þurfa helst aðstoð, hvernig inngrip virka og hvert mikilvægi ákveðinna þátta í heildarferlinu er. Fyrstu mælingar gefa vísbendingar um að rúmlega þriðjungur fleiri barna komist upp í hæfni en ella með tilkomu kerfisins. Verkefninu verður fylgt eftir á landsvísu og upp á grunnskólastig til að efla stuðning við hvert barn.



Mynd: Dæmi um niðurstöður mælinga úr Hljóm2 stöðutöku

SAGAN OG FÓLKID



FERÐALAGIÐ HEFST

Óformlegur stofnfundur Andvara átti sér stað í desember 2024 þegar sex fjölskyldur komu sér saman um að leggja af stað í vegferð. Endurteknar fréttir af vaxandi áskorunum í heilbrigðis- og menntamálum þjóðarinnar voru uppspretta lengra samtals sem leiddi til aðgerða. Farsældarhraðallinn Andvari skyldi leita uppi verkefni og samstarfsaðila sem taldir voru líklegir til að stórauka farsæld á lykilsviðum á Íslandi.

ANDVARI MUN STUÐLA AÐ...

...framúrskarandi **menntakerfi**

...framúrskarandi **heilbrigðiskerfi**

...framúrskarandi **velferð** í gegnum nýja **tækni**

...upplýftingu gilda **kærleika, auðmýktar, jákvæðni, samkenndar, þakklætis og vonar**



STOFNENDUR ANDVARA

Andri Sveinsson og
Dóra Björg Marinósdóttir

Ágúst Guðmundsson og
Puríður Reynisdóttir

Birgir Örn Birgisson og
Líney Pálsdóttir

Guðmundur Kristjánsson og
Helga Ingunn Stefánsdóttir

Sigurður Gísli Pálmason og
Jón Felix Sigurðsson og
Olga Lilja Ólafsdóttir

Tryggvi Hjaltason og
Guðný Sigurmundsdóttir

SAGAN OG FÓLKID



STEFNAN ER SETT Á AÐ...

...einbeita sér að verkefnum sem efla velsæld alls íslensks samfélags með hröðum og mælanlegum hætti

...efla og tengja saman kröftuga aðila til góðra verka og magna upp getu þeirra

...færa ramma, mælingar og stuðning utan um slík verkefni svo þau blómstri. Bakhjarlar Andvara hafa einsett sér að fjármagna verkefnið til lengri tíma


MARKMIÐIÐ ER EKKI...

...að hagnast fjárhagslega

...að gæta viðskiptalegra hagsmuna

...að starfa pólitískt eða í flokkslínu

STARFSMENN ANDVARA



Tryggvi Hjaltason
Framkvæmdastjóri

Starfaði í nær áratug í hugverkageiranum við stefnumótun, vöruþróun, rannsóknir og greiningar, auk starfa fyrir margvíslegar stofnanir og ráðuneyti hjá hinu opinbera.


„Ísland er í tækifærisglugga sem lokast innan örfárra ára að snúa við þróun sem kostar okkur í vaxandi mæli getu, velferð og vellíðan. Tæknin, viljinn og aðstæðurnar núna bjóða upp á eldflaugaskot inn í betri tíma ef við stígum fram af krafti.“



Kári Kolbeinsson
Gagnastjóri

Menntaður í tölfræði og fjármálaverkfræði. Hefur byggt upp gagnakerfi, tekjulíkön og notendagreiningar víða um heim meðal annars fyrir Meta (Facebook), CCP og Símann.

„Ég hef alltaf trúað því að menntun sé eitt öflugasta verkfæri sem við eigum til að jafna tækifæri og styrkja samfélagið. Við eigum að nýta gögn og stafrænar lausnir til að styðja kennara, skóla og nemendur um allt land.“



Róbert Helgason
Tæknistjóri

Reynslumikill fjármála- og gervigreindarsérfræðingur. Menntaður tölvunarfræðingur sem hefur stofnað og rekið verðbréfasjóði ásamt því að þróa gervigreindarlausnir.

„Sem faðir þriggja ungra barna hef ég brennandi áhuga á að undirbúa okkur fyrir þær hröðu breytingar sem verða í komandi framtíð. Það eru tækifæri í smæðinni á Íslandi að geta unnið þrekvirki.“

Samstarfsaðilar

Á árinu 2025 studdi Andvari sex verkefni og átti samstarf við jafn marga aðila úr einkageira, sveitarfélögum, ríki og hópi frumkvöðla. Samstarfið hefur verið framúrskarandi í öllum verkefnum og færa stjórn og framkvæmdastjórn samstarfsaðilum sínum bestu þakkir.



Akureyrarbær



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Mosfellsbær

„Með stuðningi Andvara hefur verið hægt að færa nýja leið til stærðfræðináms nær nemendum um allt land og sýna að með rétttri nálgun geta allir upplifað árangur og ánægju í stærðfræði. Þetta samstarf er mikilvægt skref í átt að breyttri menningu í kringum menntun.“

-Íris E. Gísladóttir, rekstrarstjóri Evelytes

„Samstarfið við Andvara við gerð rafrænnar gáttar fyrir vinnslu Hljóm2 athugunar í leikskólum Mosfellsbæjar var sérstaklega ánægjulegt. Hröð viðbrögð við ábendingum sem komu fram úr öllum leikskólunum. Faglega staðið að aðstoð sem veitt var við úrvinnslu og skráningu fyrir og eftir fyrirlögn. Verkefnið var allt unnið með bros á vör og mikilli ljúfmennsku. Takk fyrir frábært samstarf.“

-Þrúður Hjelm, leiðtogi leikskólamála hjá Mosfellsbæ

„Við höfum unnið með Andvara í nokkrum verkefnum sem stuðla að umbótum í menntakerfinu og fundið hvað það skiptir máli að fá þá með okkur. Í Andvara höfum við fundið hraðal sem virkar, þeir eru tilbúinir að leggjast á árarannar með okkur og gera okkur þannig kleift að koma hlutum í framkvæmd fyrr og hraðar. Þetta er samstarf þar sem heildin verður meiri en summa hlutanna.“


-Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu

TÖLURNAR

MENNTUN BARNNA - ÁRANGUR HRYNUR

Þriðjungur til helmingur drengja upplifir veikan tilgang, sinnuleysi og agaleysi gagnvart námi. Árangurshrun í samræmdum PISA mælingum mest hjá drengjum en í auknum mæli einnig hjá stúlkum. 47% drengja getur ekki lesið sér til gagns eftir útskrift úr grunnskóla og rúmlega þriðjungur íslenskra barna nær ekki grunnhæfni í stærðfræði eða náttúruvísindum. Vaxandi hlutfall barna býr við málþroskaáskoranir og þúsundir barna eru á biðlistum eftir stuðningi og úrræðum. Kennarar nefna minnkandi málskilning sem eina grunnorsök versnandi námsárangurs.

- 5% af landsframleiðslu er efnahagslegur kostnaður við getuhrunið
- 242 milljarðar kr. á ári í tapaðan mannauð
- 5 ára gluggi blasir nú við til að afstýra stórslysi... og það er hægt...
- 143% betri árangur í lestrarfærni mældist hjá börnum í fyrsta bekk sem notuðu Graphogame
- 30% fleiri barna komast upp um getustig málþroska með bættri gátt málþroskamælinga og eftirfylgni
- 8 milljarðar gætu því sparast eftir fulla innleiðingu á næstu 10 árum



Heimildir

- Skýrsla menntamálaráðuneytisins um stöðu drengja frá 2024
- PISA mælingar
- Hagkerfisgreining OECD frá júlí 2025
- Greiningar Andvara
- Innleiðingarrannsókn á Graphogame lestrarleik í fyrsta bekk í Kópavogi haustið 2023
- Innleiðingarrannsókn á nýrri veggátt fyrir Hljóm2 málþroskapróf með Akureyri og Mosfellsbæ haust 2025

FRAMTÍÐARSÝN



MENNTUN - ÁHERSLUR ANDVARA 2025-2027

Ísland býr yfir ákveðnum eiginleikum sem eiga að leggja grunn að samkeppnisforskoti meðal þjóða til að smíða framúrskarandi velferð, grundvallaða á menntun, heilbrigði og tækni í sinni fallegustu mynd. Við erum smá, hátæknivædd og samheldin þjóð með góð þolmörk og arfleið gagnvart því að bretta upp ermarnar og landa árangri. Sögulegur gluggi hefur nú myndast að mati Andvara til stórsóknar í átt að meiri lífsgæðum og árangri á þessum grunni. Meðvitund um áskoranirnar okkar fylgir auðmýkt sem tryggir samheldni og grundvöll raunhæfrar nálgunar svo tryggt verði að nægum mannafla, fjárfestingu og krafti verði tjaldað til árangurs.

Á sama tíma býður ný tækni, betri úrvinnsla upplýsinga og vaxandi fjöldi aðila sem láta sig málin varða upp á einstakt tækifæri til að snúa vörn í sókn. Andvari hyggst þessa vegna stuðla að betri nýtingu á tækni og gögnum ásamt því að veita völdum verkefnum og aðilum stuðning til árangurs í framangreindum efnum.

Málþroski og tungumálið eru undirstaða árangurs og vellíðanar snemma og seinna meir í skólagöngu. Í þessum efnum eru börn á Íslandi í vaxandi krísu.

Kennarar og framlínustarfsmenn þurfa að hafa aðgang að þekkingu, gögnum og verkfærum til þess að geta sinnt starfi sínu af ástríðu og metnaði. Á þessu sviði er pottur víða brotinn.

Getan til að skilja hvernig er hægt að ná betri árangri og fjárfesta rétt og vel í börnum og menntun er undirstaða þess að geta siglt í rétta átt.

Andvari mun því leggja áherslu á árangur á þessum sviðum á tímabilinu 2025 til 2027.

Við eigum að vinna að því án hroka eða feimni að byggja upp framúrskarandi stöðu og umhverfi á Íslandi.

Gerum þetta saman. Andvari vill hjálpa!

Tryggvi Hjaltason

Andvari styður við markmið stjórnvalda

Öll börn eru **gripin** í málþroskaskimunum á leikskólaaldri og fá í kjölfarið inn grip og **stuðning** sem koma þeim aftur upp í hæfniviðmið.

Öll börn fá **kennslu, markmið, áhugadrifið námsefni og stuðning** til að vera **fullæs** í öðrum bekk og með góðan árangur í lesskilningi við lok fimmta bekkjar. Raunhæft markmið er a.m.k. 95%.

Öll börn og kennarar hafa **aðgang** að **fjölbreyttara námsefni** sem t.a.m. getur virkjað innri **áhugahvöt** fleiri nemenda og boðið **ríkara landslag til lærdóms** í gegnum verklegra nám.

Með **betri mælingum og verkfærum** er hægt að grípa skilvirkar inn í og færa öllum börnum **áskoranir miðað við færni**. Verkefni eru sett í skýrt samhengi við markmið og árangur hvers barns og árangurskúrva þess gagnvart eigin ferðalagi er skýr.



2025

ÁRSSKÝRSLA **ANDVARI**

FARSÆLDARHRAÐALL



VEFSÍÐA

www.andvari.is

HEIMILISFANG

Laugavegur 182, 105 Reykjavík